STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2005

22. júní 2005 1299 Nr. 595

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.

1. gr.

1.600 í 10. tl. 2. gr. verði 1.800.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

16. júní 2005 Nr. 596

REGLUGERÐ

um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Staða og skipun.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, sem í reglugerð þessari er kölluð eftirlitsnefnd. Eftirlitsnefnd starfar í tengslum við Félag fasteignasala.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn.

2. gr.

Samráð við Félag fasteignasala.

Eftirlitsnefnd skal í starfi sínu leita álits Félags fasteignasala a.m.k. árlega um hvar einkum sé þörf úrbóta í starfsemi fasteignasala.